

**Ed. 516. Frumvarp til laga [227. mál]**

um breyting á lögum nr. 53 13. maí 1966, um vernd barna og ungmenna.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Með sama hætti getur ráðherra heimilað, ef sveitarstjórn óskar þess, að störf barnaverndarnefndar í sveitarfélagi utan Reykjavíkur verði falin félagsmálaráði að nokkru eða öllu leyti, þar sem sveitarstjórn ákveður stofnun slíks félagsmálaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 31 frá 20. apríl 1968 var menntamálaráðherra heimilað að fela félagsmálaráði Reykjavíkur störf barnaverndarnefndar í Reykjavík að nokkru eða öllu leyti, en barnaverndarmál eru einn þáttur félagsmála, sem undir félagsmálaráð falla.

Á ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga um félagsmál, sem haldin var 20.—22. nóv. s. l., var svofelld ályktun samþykkt um meðferð félagsmála:

„Ráðstefnan beinir því til stjórnar sambandsins, að hún vinni að því, að gerðar verði breytingar á lögum, þannig að sveitarstjórnir fái heimild til að fella undir eina stjórn meðferð félagsmála í sveitarfélaginu með stofnun sérstaks félagsmálaráðs, eins og nú er í Reykjavík“.

Í samræmi við framangreinda ályktun og að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga er frumvarp þetta flutt.